

Þegar peningaskúffan opnast ekki

Síðast uppfært 25/08/2026 3:53 pm BST

Það fyrsta sem við byrjum á er að athuga ljósin efst á peningaskúffunni. Er það blátt eða rautt? Blikkar það eða logar það stöðugt?

1. **Rautt ljós – logar stöðugt:** Prentarinn vinstra megin hefur ekki lokast almennilega. Ýttu á hann til að ganga úr skugga um að hann sé alveg lokaður.
2. **Rautt ljós – blikkar:** Prentarinn vinstra megin er pappírslaus.
3. **Blátt ljós – logar stöðugt:** Peningaskúffan er með rafmagn og tilbúin til tengingar.
4. **Ekkert ljós:** Peningaskúffan fær ekkert rafmagn.

Ef bláa ljósið logar stöðugt

Peningaskúffan tengist spjaldtölvunni í gegnum Bluetooth. Í **Salescloud appinu** ætti að sjást skýrt hvort tenging sé komin á.

Efst í hægra horninu sérðu stöðuna „**Connecting**“ eða „**Connected**“, sem segir til um hvort peningaskúffan og spjaldtölvun séu tengdar.

Ef staðan helst á „**Connecting**“ skaltu prófa eftirfarandi:

1. Endurræstu peningaskúffuna með því að slökkva á henni með rofanum neðan á vinstri hlið skúffunnar og kveikja síðan aftur.
2. Lokaðu **Salescloud POS appinu** með því að ýta á línurnar þrjár neðst vinstra megin á spjaldtölvunni og strjúka Salescloud appinu upp.
3. Opnaðu Salescloud POS appið aftur.

Í langflestum tilfellum ætti þetta að koma tengingunni aftur á.

Ef þetta vandamál kemur upp ítrekað skaltu hafa samband við okkur í síma 528-0080. Hugsanlega þarf að uppfæra hugbúnaðinn í peningaskúffunni.
